

Stofnanasamningur

Menntaskóla Borgarfjarðar ehf

og

**KJALAR stéttarfélags starfsmanna í
almannaþjónustu**



MENNTASKÓLI BORGARFJARÐAR



1. ágúst 2007 – 30. apríl 2008

Stofnanasamningur þessi er gerður á grundvelli ákvæða í 11. kafla kjarasamnings KJALAR og fjármálaráðherra frá 18. mars 2005.

Efnisyfirlit

Inngangur	3
1. Gildissvið og markmið	3
1.2 Gildissvið	3
1.3 Markmið	3
2. Starf flokkar og röðun	3
Aðstoð á bókasafni	3
Umsjón I.....	3
Umsjón II.....	3
Skólafulltrúi II.....	3
Skólafulltrúi III.....	4
Skólafulltrúi IV	4
Fjármálastjóri	4
Stuðningsfulltrúi.....	4
2.1. Röðun í launaflokka	4
2.1.1. Grunnröðun starfa:	4
2.1.2. Starfsreynsla innan stofnunar	4
2.2. Röðun í álagsþrep.....	5
2.2.1. Röðun vegna menntunar:	5
2.2.2 Röðun vegna starfsreynslu utan stofnunar(MB)	5
2.2.3 Röðun vegna sérstakra starfs- eða persónubundinna þátta.....	5
Yfirsýn.....	5
Fjölhæfni	6
Símenntun/fagleg störf.	6
Alúð og reglufesta.	6
3. Endurskoðun	6
4. Hlutverk samstarfsnefndar	6
5. Meðferð ágreiningsmála	6
6. Gildistaka	6
Bókun	7
Fylgiskjal	7

Inngangur

Stofnanasamningur er hluti af kjarasamningi og er meðal annars ætlað að tryggja þróun og stuðla að skilvirkara launakerfi sem tekur mið af þörfum og verkefnum stofnunar og starfsmanna hennar. Hann er sérstakur samningur milli stofnunar og viðkomandi stéttarfélags um útfærslu tiltekinna þátta kjarasamningsins að þörfum stofnunar og starfsmanna með hliðsjón af eðli starfsemi, skipulagi og/eða öðru því sem gefur stofnun sérstöðu.

1. Gildissvið og markmið

1.2 Gildissvið

Stofnanasamningur þessi nær til allra starfsmanna MB sem starfa og njóta ráðningarkjara samkvæmt kjarasamningi KJALAR og telst hann hluti af kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs annars vegar og KJALAR hins vegar.

1.3 Markmið

Markmið stofnanasamningsins er að útfæra tiltekna þætti kjarasamningsins með það að markmiði að launakerfið sé sveigjanlegra og skilvirkara og taki í auknum mæli mið af þörfum og verkefnum stofnunarinnar og starfsmanna hennar.

Að ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti.

Samningnum er ætlað að styðja við markmiðssetningu Menntaskóla Borgarfjarðar (fsk. 2), ennfremur að bæta rekstrarskipulag skólans, bæta nýtingu rekstrarfjármagns og skapa grundvöll fyrir aukinni hagræðingu og skilvirkara launakerfi og þannig gefa starfsmönnum tækifæri til að þróast og bæta sig í starfi og þar með auka möguleika þeirra á bætum kjörum.

2. Starfaflokkar og röðun

Launakerfi MB byggir á flokkun starfa hjá félagsmönnum KJALAR og nær til eftirtalinna starfa:

Aðstoð á bókasafni

Ýmis störf á bókasafni. Unnin undir stjórn bókavarda.

Umsjón I

Umsjón með húseignum, húsbúnaði, tækjum, öryggismálum og ræstingu.

Umsjón II

Umsjón með húseignum, húsbúnaði, tækjum, öryggismálum og ræstingu. Jafnframt sinnir starfsmaður verkefnum sem krefjast aukins sjálfstæðis í starfi og meiri verkefnastjórnun svo sem yfirumsjón með ræstingu.

Skólafulltrúi II

Afgreiðsla, ritvinnsla, fjölfjöldun námsefnis. Móttaka og öflun gagna og úrvinnsla þeirra. Miðlun upplýsinga til starfsmanna, nemenda og annarra viðskiptavina. Sérverkefni eru hluti starfsins.

Skólafulltrúi III

Umsjón með nemendaskrá og námferilsskrá nemenda. Samantekt og miðlun upplýsinga. Aðstoðar stjórnendur og starfsfólk við notkun INNU, tölvukerfis skólans. Ýmis störf í samvinnu við stjórnendur.

Skólafulltrúi IV

Almenn afgreiðsla og ritvinnsla. Umsjón með nemendaskrá og námferilsskrá nemenda. Samantekt og miðlun upplýsinga. Aðstoðar stjórnendur og starfsfólk við notkun INNU, tölvukerfis skólans. Sinnir bókhaldi í samvinnu við Fjármálastjóra og gegnir ýmsum störfum í samvinnu við stjórnendur.

Fjármálastjóri

Umsjón með bókhaldi og launavinnslu. Samantekt og miðlun upplýsinga í tengslum við áætlanagerð og þátttaka við gerð hennar.

Stuðningsfulltrúi

Aðstoð við nemendur sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda á skólatíma öðrum en sérkennslu.

2.1. Röðun í launaflokka

2.1.1. Grunnröðun starfa:

Starf	Launaflokkur
Aðstoð á bókasafni	
Umsjón I	13
Umsjón II	15
Skólafulltrúi II	17
Skólafulltrúi III	20
Skólafulltrúi IV	24
Fjármálastjóri	25
Stuðningsfulltrúi	17

2.1.2. Starfsreynsla innan stofnunar

Eftir 1 ár í starfi hjá MB fær starfsmaður 1 launaflokk til viðbótar við grunnröðun.

Eftir 3 ár í starfi hjá MB fær starfsmaður 2 launaflokka til viðbótar við grunnröðun.

Eftir 7 ár í starfi hjá MB fær starfsmaður 3 launaflokka til viðbótar við grunnröðun.

Eftir 10 ár í starfi hjá MB fær starfsmaður 4 launaflokka til viðbótar við grunnröðun.

2.2. Röðun í álagsþrep

2.2.1. Röðun vegna menntunar:

Starfsmaður skal, þegar 60 kennslustundum er náð hækka um eitt álagsþrep.

Starfsmaður skal, þegar 120 kennslustundum er náð hækka um annað álagsþrep.

Starfsmaður skal, þegar 180 kennslustundum er náð hækka um þriðja álagsþrepið.

Ef starfið krefst stöðugrar símenntunar og aðlögunar t.d. vegna þess að hugbúnaðarkerfi sem unnið er með taka örum breytingum skal starfsmaður hækka um eitt álagsþrep.

Starfsmanni sem lokið hefur háskólagráðu eða samsvarandi námi hvað einingafjölda/námslengd varðar skal raðað einu álagsþrepi ofar en ella.

2.2.2 Röðun vegna starfsreynslu utan stofnunar(MB)

Starfsmaður með 4 ára reynslu fær eitt álagsþrep

Starfsmaður með 8 ára reynslu fær tvö álagsþrep

Starfsmaður sem hefur að mati samstarfsnefndar með sér mjög sérhæfða starfsreynslu sem fellur nákvæmlega að þörfum stofnunarinnar raðast einu álagsþrepi ofar en ella.

Starfsmaður sem gegnt hefur umfangsmiklum stjórnunarstörfum raðast einu álagsþrepi ofar en ella.

2.2.3 Röðun vegna sérstakra starfs- eða persónubundinna þátta

Þættir svo sem sérstakir eiginleikar, reynsla og frammistaða starfsmanns metnir til stiga. Álagsþrepum úthlutað með hliðsjón af stigaskala.

Starfsmaður safnar stigum sem gefa álagsþrep þegar ákveðnum fjöldi er náð. Stigakerfið byggir á nokkrum þáttum sem vega mismikið. Mat á stigafjölda byggist á gögnum sem stofnunin heldur utan um og í einhverjum tilvikum á gögnum og rökstuðningi frá starfsmanni.

Viðmiðin eru:

1. þrep 40 stig
2. þrep 75 stig
3. þrep 90 stig

Yfirsýn. Formleg þátttaka í starfi sem varðar stofnunina í heild. Þátttaka í vinnuhópum. Félagsstörf í þágu starfsmanna eða nemenda.

Hér eru gefin 0, 10, 15, 25 stig.

Fjölhæfni. Starfsmaður býr yfir fjölþættri þekkingu og færni og getur því sinnt störfum á fleiri en einu verksviði. Býr m.a. yfir góðri tölvufærni.

Hér eru gefin 0, 10, 15 eða 25 stig.

Símenntun/fagleg störf. Starfsmaður sýnir fram á að hann hafi lagt sig fram um að fylgjast með á sínu sviði með því að sækja námskeið til að viðhalda þekkingu sinni og efla hana. Hér er einnig metin þátttaka í verkefnum sem reyna á eða efla faglega færni.

Hér eru gefin 0, 10, 15 eða 25 stig.

Alúð og reglufesta. Starfsmaður rækir starf sitt af fyllstu alúð og samviskusemi og leggur sig fram um að framfylgja reglum skólans á sínu starfssvæði. Sýnir sjálfstæði í vinnubrögðum og frumkvæði í starfi. Samstarfsnefnd setur fram nákvæmari útfærslu (gátlista).

Hér eru gefin 0, 10, 15 eða 25 stig.

3. Endurskoðun

Í samræmi við grein 11.4.1. í kjarasamningi er hvorum aðila um sig heimilt að óska eftir endurskoðun samnings þessa verði umtalsverðar breytingar á forsendum hans. Eigi sjaldnar en annað hvert ár skal metið hvort forsendur starfaflokkunar hafi breyst þannig að ástæða sé til að gera breytingar á stofnanasamningnum.

4. Hlutverk samstarfsnefndar

Hlutverk samstarfsnefndar felst í að annast gerð, endurskoðun og breytingar á stofnanasamningi. Þar má nefna að fjalla um nauðsynlegar breytingar vegna nýrra verkefna eða breyttrar vinnutilhögunar. Samstarfsnefndin tekur fyrir erindi frá starfsmönnum eða stjórn stofnunar, sem lúta að viðfangsefnum samningsins og afgreiðir þau í samræmi við ákvæði kjarasamnings.

5. Meðferð ágreiningsmála

Farið er með ágreiningsmál samkvæmt gr. 11.4.3.2 í kjarasamningi.

6. Gildistaka

Samningur þessi gildir frá og með 1. ágúst 2007 til 30. apríl 2008.

Borgarnesi, 28.september 2007

F.h. Menntaskóla Borgarfjarðar ehf

F.h. KJALAR

Ársæll Guðmundsson, skólameistari

Arna Jakobína Björnsdóttir

Bókun

með stofnanasamningi

Menntaskóla Borgarfjarðar ehf

og

KJALAR stéttarfélags starfsmanna í almannajónustu.

Um röðun til launa í því tilfalli að starfsmaður eigi rétt á fleiri en 8 álagsþrepum:

Ef starfsmaður sem raðast til launa eftir þessum stofnanasamningi telst hafa fleiri en 8 tilefni til álagsþrepa þá færast viðkomandi upp um launaflokk-/a sem nemur þeim fjölda launaþrepa sem eru umfram 8.

Fylgiskjal

með stofnanasamningi Menntaskóla Borgarfjarðar og KJALAR stéttarfélags starfsmanna í almannajónustu.

Mælikvarðar og nánari útfærslur.

Tengist 2.2.3 Röðun vegna sérstakra starfs- eða persónubundinna þátta.

Yfirsýn.

Formleg þátttaka í starfi sem varðar stofnunina í heild. Þátttaka í vinnuhópum. Félagsstörf í þágu starfsmanna eða nemenda.

Hér eru gefin 0,10, 15, 25 stig.

10 eitt tilefni

15 tvö tilefni

25 þrjú tilefni

Ef um er að ræða langan tíma (5 ár) skal það metið sem tvöfalt tilefni.

Fjölhæfni.

Starfsmaður býr yfir fjölbættri þekkingu og færni og getur því sinnt störfum á fleiri en einu verksviði. Býr m.a. yfir góðri tölvufærni.

Hér eru gefin 0,10, 15 eða 25 stig.

0 ein starfstöð, mjög afmarkað starfssvið

10 ein starfsstöð, fjölbreytt verkefni

15 fleiri starfsstöðvar, fjölbreytt verkefni

Góð tölvufærni færir viðkomandi upp um eitt skref í stigaskalanum.

Símenntun/fagleg störf.

Starfsmaður sýnir fram á að hann hafi lagt sig fram um að fylgjast með á sínu sviði með því að sækja námskeið til að viðhalda þekkingu sinni og efla hana. Hér er einnig metin þátttaka í verkefnum sem reyna á eða efla faglega færni.

Hér eru gefin 0, 10, 15 eða 25 stig.

10 a.m.k 10 námskeiðskennslustundir á ári eða samsvarandi

15 a.m.k 20 námskeiðskennslustundir á ári eða samsvarandi

25 a.m.k 30 námskeiðskennslustundir á ári eða samsvarandi

Alúð og reglufesta.

Starfsmaður rækir starf sitt af fyllstu alúð og samviskusemi og leggur sig fram um að framfylgja reglum skólans á sínu starfssvæði. Sýnir sjálfstæði í vinnubrögðum og frumkvæði í starfi. Samstarfsnefnd setur fram nákvæmari útfærslu (gátlista).

Hér eru gefin 0, 10, 15 eða 25 stig sem byggist á gátlista sem metur:

Stundvísi (já/nei)

Viðveru (>90%= já annars nei))

Sjálfstæði í vinnubrögðum (já/nei)

Frumkvæði í starfi (já/nei)

Samskiptahæfni (já/nei)

5 já gefa 25

4 já gefa 15

3 já gefa 10